

5. fundur aðalstjórnar Vestra árið 2022

Haldinn mánudaginn 12. desember 2022, kl. 17:30 í Smiðjugötu 7.

Mætt voru: Guðfinna Hreiðarsdóttir, Heba Dís Þrastardóttir, Heiðrún Tryggvadóttir, Jóna Lind Kristjánsdóttir, Guðni Guðnason, Jónas Gunnlaugsson og Gísli Jón Hjaltason.

1. Viðbragðsáætlun ÍSÍ. Rætt um viðbragðsáætlun ÍSÍ sem er unnin í samráði við Bandalag íslenskra skáta, Íþróttabandalag Reykjavíkur, Íþrótt- og ólympíusamband Íslands, KFUM og KFUK, Samskiptaráðgjafa Íþrótt- og æskulýðsstarfs, Slysavarnafélagið landsbjörg, Ungmennafélag Íslands og Æskulýðsvettvanginn. Viðbragðsáætlunin inniheldur um hvernig bregðast á við ofbeldi, einelti, slysum og öðrum atvikum sem upp gætu komið í Íþrótt- og æskulýðsstarfi. Tilgangur samræmdrar áætlunar er að sporna við atvikum sem geta mögulega komið upp og leiðbeina starfsfólki, sjálfboðaliðum og fleirum til að bregðast eins og rétt við ef til þess kemur. Enda er best fyrir alla aðila máls, ef viðbrögð eru samræmd. Búið er að setja tengil á viðbragðsáætlunina inn á forsiðu heimasíðu Vestra, <https://www.vestri.is/>

Í íþróttalögum og æskulýðslögum kemur fram að það er óheimilt að ráða til starfa aðila sem hafa hlotið dóm gegn ávana- og fíkniefnalögum síðastliðin fimm ár eða dóm gegn kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga. Í sömu lögum er þessum félögum veitt heimild til þess að leita upplýsinga í sakaskrár þeirra sem félögin mynda ráðningarsamband við sem og sjálfboðaliða sem sinna börnum og ungmennum. Allir starfsmenn sem félagið er með ráðningarsamband við og koma á einhvern hátt nálægt börnum og ungmennum í starfi félagsins. Það sama gildir um sjálfboðaliða sem vinna með börnum og ungmennum.

Stjórnarmenn lýstu yfir ánægju með að viðbragðsáætlunin væri loksins tilbúin en nokkrar umræður urðu um sakaskrárheimildina sem ljóst er að getur í einhverjum tilfellum orðið erfið í framkvæmd enda mjög víðtækt orðalag þar sem segir: „... koma á einhvern hátt nálægt börnum og ungmennum í starfi félagsins“ eða eins og einn stjórnarmaður benti á, þarf hann þá að framvísa sakavottorði ef hann er portavörður á skíðamóti eða ritari eða klukkuvörður á íþróttaleik. Nógu erfitt væri að fá sjálfboðaliða til starfa þótt þeir væru þá ekki líka krafðir um sakavottorð. Þau kosta líka slíkt og sá kostnaður myndi alltaf lenda á félögunum og gæti orðið umtalsverð upphæð á mannaflsfrekum íþróttaviðburðum.

2. Önnur mál. Ýmis önnur mál rædd, s.s. endurskoðun á viðbragðsáætlun Vestra, umdeild ráðning knattspyrnuþjálfara mfl. karla í knattspyrnu, íþróttaskóli HSV, notkun á merki félagsins o.fl.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.